

Umhverfisstofnun
Hr. Sigurður Ingason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík.

Reykjavík, 29. apríl 2010

Málefni: Umsókn um starfsleyfi fyrir olíubirgðastöðina á Reyðarfirði.

Sótt er um endurnýjun á starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Skeljungs við Óseyri á Reyðarfirði. Starfsleyfi fyrir stöðina var fyrst gefið út 2. janúar 2006 með gildistíma til 31. janúar 2010.


Um er að ræða óbreytta starfsemi en skv. fyrra starfsleyfi er heimilt að geyma í stærsta geymi allt að 540 m³ af olíu og 540 m³ af bensíni.

Við starfsleyfiseftirlit árið 2009 voru gerðar 2 athugasemdir vegna ákvæða í starfsleyfi sem ekki höfðu verið uppfyllt, þ.e. skráning eftirlitsþátta í rekstarhandbók og uppsetningu olíuskilju utan lekavarnar. Með bréfi þessu er staðfest að fyrra atriðið hefur verið uppfyllt og frágangi áfylliplans tengdu olíuskilju verður lokið fyrir 1. ágúst 2010.

Við endurnýjun starfsleyfis er óskað eftir endurskoðun á einu ákvæði í núverandi starfsleyfi, þ.e. ákvæði í gr. 3.2 um árlega mælingu á olíu í fráveituvatni. Um er að ræða breytingu sem hefur verið til umræðu á milli rekstraraðila olíubirgðastöðva og Umhverfisstofnunar. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að eftir að skilja hefur verið tekin í notkun, verði með sýnatöku og mælingum staðfest að olíuskilja uppfylli ákvæði um olíuinnihald í frárennsli sbr. kröfur í grein 2.4 í starfsleyfisskilyrðum. Eftir að virkni hefur verið staðfest, verði fylgst með olíu í fráveituvatni, að minnst kosti árlega með sýnatökum og sjónrænu eftirliti. Með framangreindum breytingum þá er markmiðum um eftirlit á virkni olíuskiljubúnaðar náð og með reglubundnum hreinsunum olíuskiljubúnaðar og sjónrænu eftirliti verður tryggt með ásættanlegu öryggi, að olíumengað vatn berist ekki í viðtaka.

Sé frekari upplýsinga óskað, þá vinsamlega hafið samband við undirritaðan.

Skeljungur hf.


Ólafur Jónsson.